

**Knattspyrnuþjálfarafélag Íslands**  
**Fundur 2.mar 2010**  
**2. fundur**

Staðsetning: Dísarási, 20:00 – 22:00

Mættir: Arnar Bill, Ómar, Kristján, Sigurður, Þórir og Úlfar  
Boðuð forföll: Theodór

**1. Fundargerð síðasta fundar**

Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

**2. Fréttabréfið frágangur**

Formannspistillinn er klár ásamt grein um starfsemi KÞÍ á árinu. Eftir á að klára að setja æfingarnar upp og svo fer blaðið í uppsetningu.

**3. Leyfiskerfið – fundur með lögfræðingi félagsins**

Formaður og varaformaður hafa rætt við lögfræðing varðandi leyfiskerfið

**4. 40 ára afmælisárið – staðan. Vor/haust. Afmælisdagurinn – fundur með KSÍ**

Viðræður um samstarf og styrki frá KSÍ hafa staðið yfir. Ákveðið að þreifa á nokkrum aðilum varðandi fyrirlestra á afmælisárinu. Afmælisdagur félagsins er 13.nóv.

**5. Fjármál – styrkir – landshlutatengiliðir**

Styrkur frá Lýðheilsustöð og Íslenskum getraunum komnir.

**6. Tölfræði í efstu deild karla**

Málið í vinnslu.

**7. Gjöf með árgjaldinu**

Formaður og gjaldkeri klára að koma húfum til félagsmanna. Umræður um hugmyndir að gjöfum, taktíktafla og úr skráð niður.

**8. Fundur með Lýðheilsustöð**

Formaður hefur verið á nokkrum fundum með Lýðheilsustöð og stefnir í frekara samstarf.

**9. Önnur mál**

- a. Umræður um heimsókn til Færeyja og samskipti við Færeyska þjálfarafélagið.
- b. Varaformaður verður í sambandi við þá sem fóru á vegum norska þjálfarafélagsins til Englands.
- c. Umræður um skattamál og endurskoðun, ákveðið að ræða við Fræðslustjóra um málið.

Úlfar Hinriksson  
ritari